

14.04.2015

LYKILL AÐ VALI ÍSLENSKA LANDSLÍÐSINS Á HM 2015

Fullorðnir og ungmenni:

1. **Knapi/hestur:** Stigahæsti 5-gangari í úrtöku, að meðaltali úr báðum umferðum.
2. **Knapi/hestur:** Stigahæsti 4-gangari í úrtöku, að meðaltali úr báðum umferðum.
3. **Knapi/hestur:** Stigahæsti töltari T1 í úrtöku, að meðaltali úr báðum umferðum.
4. **Knapi/hestur:**
 - a) Knapi/hestur (parið) ef hann nær 8.04 eða hærri einkunn í T2 í úrtöku, að meðaltali úr báðum umferðum.
 - b) Knapi/hestur (parið) sem nær 8.22 eða hærri einkunn í gæðingaskeiði PP1 í úrtöku, að meðaltali úr báðum umferðum.
 - c) Knapi/hestur (parið) sem nær 7.46 sek eða betri tíma úr tveimur umferðum í P2 100m skeiði. 4 sprettir, tveir bestu sprettir gilda úr báðum umferðum. Parið verður að skila einum spretti að auki 7.60 eða betri tíma af þessum fjórum sprettum. Ef fleiri en einn hestur nær lágmarkinu þá skal sá veljast sem betri árangri nær miðað við þau lágmark sem sett eru. Lagt er að jöfnu: Einkunn: 8.04 í slaktaumatölti T2, Einkunn: 8.22 í gæðingaskeiði PP1, Tími: 7.46 í 100m skeiði P2.
5. **Knapi/hestur:** sem nær 21.74 sek eða betri tíma einu sinni á móti og 22.33 eða betri tíma í öðrum spretti sem þarf ekki að vera á sama móti. Árangurinn þarf að nást við löglegar aðstæður úr rásbásnum með rafrænni tímatöku, eða á því móti sem ákveðið er að verði lokamót vegna vals á liðinu 2015

Ef hestur 4 og 5 nást ekki eftir uppgefnum lágmarkum verða þeir báðir valdir af liðsstjóra.

6. **Knapi/hestur:** Liðsstjóri velur.
7. **Knapi/hestur:** Liðsstjóri velur.
8. **Knapi/hestur:** Það ungmenni/par sem nær hæstu einkunn í fimmgangi í úrtöku (F1)
9. **Knapi/hestur:** Það ungmenni/par sem nær hæstu einkunn í fjórgangi í úrtöku (V1)
10. **Knapi/hestur:** Það ungmenni/par sem nær hæstu einkun í tölti (T1)
11. **Knapi/hestur:** Ungmenni, liðsstjóri velur par sem hefur tekið þátt í mótum á Íslandi, í hvaða grein sem er, þar til lokaval fer fram.

Keppendur 1-7 eru fullorðnir.

Keppendur 8-12 eru ungmenni.

Reiknað er meðaltal greina úr báðum hlutum úrtökunnar hjá knapa 1-2-3-4-8-9 og 10 og ræður það um sæti knapa/hests (pars).
Um knapa/hest (par) 4-5 gilda ofantalin lágmörk en aðrir eru liðstjóravaldir.

Keppnisgreinar í úrtöku verða T1, T2, V1, F1, PP1,P2. Keppni í öðrum skeiðgreinum fara fram á mótum fram að skráningu á því móti sem ákveðið að verði lokamót vegna vals á liðinu 2015 við löglegar aðstæður. Spretir í 100m og 250m skeiði skal miða við löglegar aðstæður og rafræna tímatöku. Öll keppni í hringvallagreinum skal fara fram á 250 metra hringvelli.

Liðstjóri fylgist með ástandi og framþróun liðsins frá úrtöku og fram að keppni á HM. Þeir keppendur sem hafa titil að verja falla einnig undir þennan lið.

Liðstjóri hefur full völd á hverjum tíma til að gera breytingar á liðinu, hvort sem um er að ræða knapa/hest (par) sem valið hefur verið í úrtöku, knapa/hest (par) heimsmeistara frá s.l. móti eða liðstjóravalda knapa/hest (par). Ríkjandi heimsmeistarar skulu tilkynna keppnishesta sína fyrir maílok 2015 til liðsstjóra.

Það par sem nær sæti í úrtöku skal ríða í úrslitum á úrtökumóti.

Árangur skal miðast við árið 2015

Landsliðsnefnd LH

Samþykkt á landliðsnefndarfundum 14.apríl 2015

Pjetur N. Pjetursson